



Alþingi
Erindi nr. **D** 141/1649
komudagur 19.2.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - utanríkismálanefnd

Reykjavík 13. febrúar 2013

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

1302032SA AGB
Málalýkill: 087

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukin áhrif Íslands á mótun og töku ákvarðana á vettvangi Evrópusamstarfs, 62. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, sem barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga 4. febrúar sl., með beiðni um umsögn um ofangreinda tillögu. Hún felur í sér að Alþingi álykti að efla beri þátttöku stjórnmalamanna og embættismanna í hagsmunagæslu tengdri Evrópusamstarfi. Í greinargerð er vísað til tillagna Evrópunefndar frá 2007 og utanríkismálanefndar Alþingis frá 2008 til rökstuðnings fyrir tillögunni.

Evrópulöggjöf, sem tekin er upp í EES-samninginn og síðan í íslenska löggjöf, hefur veruleg áhrif á starfsemi íslenskra sveitarfélaga. Hún stýrir sveitarfélögum sem atvinnurekendum, framkvæmda- og innkaupaadilum, þjónustuveitendum og sem stjórnvöldum. Það skiptir því verulegu máli fyrir sveitarfélög að Ísland nýti sér vel þau tækifæri sem það hefur til hagsmunagæslu. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem aðstæður í íslenskum sveitarfélögum eru að mörgu leyti ólíkar aðstæðum í sveitarfélögum á meginlandi Evrópu. Þess vegna styður Samband íslenskra sveitarfélaga þessa tillögu. Sambandið hefur sjálft lagt aukna áherslu á hagsmunagæslu gagnvart EES-samningnum hin síðustu ár með stofnun skrifstofu í Brussel 2006 og með aukinni þátttöku í hagsmunasamtökum evrópskra sveitarfélagasambanda, CEMR, sem leggur áherslu á að vakta stefnumótun ESB og löggjafartillögur frá frumstigi og koma sjónarmiðum sveitarstjórnarstigsins á framfæri, m.a. í gegnum fulltrúa á Evrópuþinginu.

Árið 2010 varð baráttumál íslenska og norska sveitarfélagasambandsins um vettvang fyrir sveitarstjórnarstigið í EES-samstarfinu loks að veruleika með stofnun „EEA EFTA LOCAL FORUM“. Um er að ræða pólitískan vettvang sem er skipaður sex íslenskum og sex norskum kjörnum fulltrúum. Markmiðið með stofnun vettvangsins var að koma sérstökum sjónarmiðum sveitarstjórnarstigsins í framfæri í EES-samstarfinu og koma á tengslum við Svæðanefnd ESB sem er skipuð kjörnum fulltrúum á sveitarstjórnarstigi í aðildarríkjum ESB. Vettvangurinn hefur haldið sex fundi og samþykkt tíu ályktanir um Evrópumál þar sem íslensk og norsk sveitarfélög hafa sérstakra hagsmuna að gæta, t.d. um Evrópureglur um mat á umhverfisáhrifum og um orkunýtni¹. Þessum ályktunum hefur verið komið á framfæri við evrópska og innlenda aðila. Fulltrúar frá Svæðanefnd ESB hafa tekið þátt í fundum

¹ sjá nánar <http://www.samband.is/verkefning/althjodamal/sveitarfelog-og-ees/sveitarstjornarvettvangur-efta/>


vettvangsins en ekki hefur ennþá tekist að koma á formlegum tengslum við hana. Til að auka vægi vettvangsins er unnið að því að fá hin EFTA ríkin tvö, þ.e. Sviss og Liechtenstein, til að gerast aðilar að vettvanginum.

ESB hefur þróast og breyst eftir að EES-samningurinn var gerður. Þetta er mjög greinilegt gagnvart sveitarstjórnarstiginu sem hefur, m.a. á grundvelli Lissabon sáttmálans, mun meira vægi í starfsemi ESB en áður. Svæðanefnd ESB hafði ekki tekið til starfa, þegar EES-samningurinn var gerður, sem skýrir af hverju það eru engin formleg EES-tengsl við hana, ólíkt því sem á við um aðrar eldri stofnanir ESB eins og félagsmálanefnd Evrópu sem hefur hliðstæða stöðu og Svæðanefndin gagnvart aðilum vinnumarkaðarins og 3ja geiranum. Bygðamál hafa einnig meira vægi í starfsemi Evrópusambandsins og það beitir uppbyggingarsjóðunum til að ná fram markmiðum sínum, m.a. á sviðum sem falla undir EES-samninginn. Þetta skapar ákveðna mismunun á milli aðila í EES-ríkjum og ESB-ríkjum, sem bæði snertir opinbera aðila eins og sveitarfélög og líka fyrirtæki. Í ESB ríkjum geta þessir aðilar notið styrkja frá uppbyggingarsjóðum ESB, m.a. til að mæta nýjum kröfum vegna ESB-löggjafar, meðan hliðstæður stuðningur stendur ekki til boða í EES-ríkjunum. Á þetta hefur EFTA sveitarstjórnarvettvangur bent í ályktunum sínum, m.a. í ályktun vettvangsins um endurskoðun á EES-samningnum frá því í júní 2012. Ályktunin lýsir vel stöðu sveitarstjórnarstigsins á Íslandi og í Noregi gagnvart samningnum og fylgir hún hjálögð til upplýsinga.

Tillögur utanríkismálanefndar Alþingis frá 2008, sem byggt er á í þingsályktunartillögunni, fela í sér að upplýsingagjöf til Alþingis og reglulegt samráð stjórnvalda við utanríkismálanefnd um EES-mál á tillögu- og mótunarstigi verði aukið og formfest. Samband íslenskra sveitarfélaga vill að lokum benda á að það telur að gagnkvæmur ávinningur væri að því að það yrði þátttakandi í slíku samráðsferli sem fulltrúi hins stjórnarsýslustigsins í landinu og vegna áhrifa EES-löggjafar á starfsemi þess, svo og með tilliti til þess að það gæti veitt gagnlegar upplýsingar um einstök mál vegna EES hagsmunagæslustarfs síns.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

E U R O P E A N E C O N O M I C A R E A
F O R U M O F L O C A L A N D R E G I O N A L A U T H O R I T I E S

Ref: 1114700

FIFTH MEETING OF THE EEA EFTA FORUM

Ísafjörður

21-22 June 2012

Opinion on the Review of the EEA Agreement

Rapporteur: Christian Haugen

The EEA EFTA Forum of Local and Regional Authorities:

- A. Noting that 20 years have passed since the signing of the EEA Agreement on 2 May 1992 in Porto.
- B. Noting the reinforced subsidiarity principle set out in the Lisbon Treaty and its explicit reference to the local and regional dimension and self-government.
- C. Noting the role of the Forum as a body in the EFTA structure.
- D. Acknowledging the impact of EU law on local and regional authorities in the EEA EFTA States through the EEA-agreement.
- E. Emphasizing that the local and regional authorities of the EEA EFTA States Iceland and Norway face several challenges different to those of local authorities in the European Union.
- F. Having regard to the Council Conclusions of 14 December 2010 on EU relations with EFTA countries.
- G. Having regard to the Norwegian EEA Review Report *Outside and Inside – Norway's agreements with the European Union* presented in January 2012.
- H. Taking note of the resolutions by the EEA Joint Parliamentary Committee and the EEA Joint Consultative Committee of May 2012;
- I. observes that the Lisbon Treaty did away with the clear division between EEA-relevant Internal Market policies and other EU policies and that local/regional authorities in the EU Member States increasingly use EU Structural Funds to reach targets set by the Internal Market legislation whilst corresponding support is not available for local and regional authorities in EEA EFTA States;

2. observes the EEA Agreement has given rise to an 'additional level of governance' which poses a challenge to the traditional relations between national and local/regional levels of governance;
3. observes that limited political engagement in the EEA EFTA States has led to a form of a 'democratic deficit' where the administration are left to take important decisions on EEA issues without strong political guidance and that bureaus and agencies at national level increasingly receive policy signals directly from the European institutions and bodies/agencies;
4. underlines the need for stronger political engagement in the EEA EFTA States on EEA matters to address democratic concerns and to safeguard local self-government;
5. calls on the EEA EFTA States to consult the local/regional level on questions concerning the EEA relevance of new EU legislation, technical adaptations and/or exceptions;
6. calls on the EEA EFTA States to carry out a study of the interplay between the Internal Market and EU regional policy, with a view to examine the effects on local and regional authorities;
7. stresses the need for reflection on how to effectively involve and consult local and regional authorities throughout the entire policy process, from pre-pipeline at European level to implementation at local/regional level;
8. asks the EEA EFTA States, when transposing EEA legislation, to take into account its impact on the municipal sector, including through cost analysis, and encourages the establishment of task groups with representatives of all levels of government on a ministerial level to this end;
9. asks the EEA EFTA States to avoid 'gold-plating' when transposing EU legislation to avoid unnecessary administrative burdens and complexity to safeguard the right to self-government at the local and regional level;
10. acknowledges the need for local and regional government to build competence and knowledge of the EEA Agreement and for central government to improve their understanding of how the EEA affects the local/regional level.